

Ed.

63. Frumvarp til laga

um eftirlit með sjóðum og sjálfeignarstofnunum.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Stofna skal eftirlit með öllum sjóðum og sjálfeignarstofnunum hér á landi, nema rikissjóðs, sýslu-, sveitar- og bæjarsjóða, sýsluvega- og hreppsvegasjóða, banka og sparisjóða, ellistyrktarsjóða og bjargráðasjóða, er heiti Sjóðaeftirlit ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður forstöðumann Sjóðaeftirlits ríkisins. Hann skal hafa 6000 kr. í árslauð, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum. Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu 3 gæzlustjóra til 3 ára i senn. Ákveðnr fjármálaráðherra þóknun þeirra.

Gjafasjóðir.

3. gr.

Stjórnir þeirra gjafasjóða, er eigi hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, skulu hafa sent gjafabréfin til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að þau geti öðlazt konungsstaðfestingu, eigi síðar en 6 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, og skulu gjafabréfin birt i B-deild Stjórnartíðindanna.

4. gr.

Nú sendir stofnandi gjafasjóðs eða stjórn hans frumvarp til gjafabréfs eða stofnskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til þess að það geti öðlazt

konungsstaðfestingu, og skal þá leitað álits forstöðumanns Sjóðaeftirlits ríkisins um ákvæði gjafabréfsins eða stofnskrárinnar.

5. gr.

Nú eru ástæður svo breyttar síðan sjóður var stofnaður, gjafabréf gefið út eða stofnskrá fengið konungsstaðfestingu, að eigi er unnt að framkvæma fyrir-mæli gjafabréfsins eða stofnskrárinnar, og er þá stjórn slíks sjóðs skylt að tilkynna þetta Sjóðaeftirliti ríkisins og fjármálaráðherra. Getur þá fjármálaráðherra, að fengnum tillögum Sjóðaeftirlits ríkisins, gert nauðsynlegar breytingar á gjafabréfi eða stofnskrá, en breytingarnar skulu gerðar þannig, að í senn sé tryggt framhald á starfsemi sjóðsins og að vilji gefandans sé virtur að því leyti, sem því veður við komið undir hinum breyttu ástæðum. Leitað skal konungsstaðfestingar á slíkum breytingum á gjafabréfi eða stofnskrá.

Sjóðir almennt og sjálfseignarstofnanir.

6. gr.

Stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana skulu árlega senda Sjóðaeftirliti ríkisins reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir síðastliðið reikningsár, eða staðfest eftirrit af honum, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers sjóðs eða stofnunar.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að krefja stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um fylgiskjöl ársreiknings eða önnur skilríki sjóðsins eða stofnunarinnar, til athugunar, og er þá stjórn þeirri, er hlut á að máli, skylt að senda skjöl þessi eða staðfest eftirrit af þeim áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því stjórninni barst krafa um það.

7. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins getur krafist stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar um allar upplýsingar um hag sjóðsins eða stofnunarinnar og rekstur. Ber henni þá að svara fyrirspurn Sjóðaeftirlits ríkisins eigi síðar en þá mánuður er liðinn frá því henni barst slík fyrirspurn.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins ástæða til að rannsaka rekstur og fjárreiður sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og er þá stjórn þess sjóðs eða stofnunar, er hlut á að máli, skylt að veita Sjóðaeftirliti ríkisins aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sjóðsins eða stofnunarinnar, og má í engu tefja rannsóknir eða eftirlit þess.

8. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að leiðbeina stjórnnum sjóða og sjálfseignarstofnana um reikningshald og bókfærslu þessara stofnana. Sjóðaeftirlit ríkisins getur krafist þess af stjórnnum sjóða og sjálfseignarstofnana, að reikningar þeirra sýni greinilega hag og rekstur sjóðsins eða stofnunarinnar og að bókhald allt sé við hæfi stofnunarinnar eftir stærð og verkefni hennar.

9. gr.

Sjóðaeftirliti ríkisins ber að hafa fullkomið eftirlit með rekstri, fjárgæzlu og bókhaldi sjóða og sjálfseignarstofnana og því, að lög, reglugerðir, er varða

sjóðina, stofnskrár og skipulagsskrár séu ekki brotnar. Skal sjóðaeftirlit ríkisins sérstaklega vinna að því, að sjóðir séu ávaxtaðir í öruggustu peningastofnunum og tryggustu verðbréfum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun fé sjóða og sjálfseignarstofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, er tryggi það, að féð verði ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum.

10. gr.

Stjórnnum sjóða og sjálfseignarstofnana er skylt að leita samþykkis Sjóðaeftirlits ríkisins, ef gera skal verulegar breytingar á eignum sjóða og stofnana, svo sem kaupa eða selja fasteignir og verðbréf og annað, er varðað getur hag þeirra.

11. gr.

Nú þykir Sjóðaeftirliti ríkisins athugavert um fjárgæzlu eða bókhald sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, eða að skipulagsskrá eða stofnskrá er brotin, og getur þá Sjóðaeftirlit ríkisins tilkynnt þetta fjármálaráðuneytinu, er í samráði við Sjóðaeftirlit ríkisins gerir ráðstafanir til, að úr því verði bætt, sem ábótavant er, innan hæfilegs frests.

12. gr.

Nú ris upp ágreiningur milli Sjóðaeftirlits ríkisins og stjórnar sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, og getur þá hvor aðili skotið ágreiningsatriðinu til úrskurðar fjármálaráðherra, en bæði geta stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana, Sjóðaeftirlit ríkisins og fjármálaráðherra leitað úrskurðar dómstólanna um málið. Um aðild í málum sjóða og sjálfseignarstofnana fer að öðru leyti eftir almennum reglum.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands skal fela Sjóðaeftirliti ríkisins vörzlu þeirra sjóða, sem nú eru í umsjón ráðuneytanna, en yfirumsjón sjóða þessara skal eigi að síður vera hjá hlutaðeigandi ráðuneyti.

14. gr.

Sjóðaeftirlit ríkisins skal árlega semja og gefa út yfirlit yfir reikninga sjóða og sjálfseignarstofnana, en fimmta hvert ár skulu reikningarnir gefnir út með ýtarlegri greinargerð.

15. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af sjóðaeftirliti ríkisins, skal greiða úr rikissjóði, en sjóðir þeir, er um ræðir í lögum þessum, skulu endurgreiða rikissjóði kostnaðinn í hlutfalli við eign þeirra um hver áramót.

16. gr.

Nú vanrækir stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar að senda ársreikning eða fylgiskjöl, eins og fyrir er mælt í 6. gr., eða svarar ekki fyrirspurnum eða neitar að leggja fram skjöl og skilríki til rannsóknar, samkv. 7. gr., eða vanrækir að hafa greinilegt bókhald, samkv. 8. gr., og getur þá fjármálaráðherra.

eftir ósk Sjóðaeftirlits ríkisins, skyldað stjórn sjóðs eða sjálfseignarstofnunar, að viðlögðum allt að 20 kr. dagsektum fyrir hvern stjórnarmeðlim, til þess að fullnægja ákvæðum þessara laga. Að öðru leyti varða brot gegn lögum þessum 10—25000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 frá 9. jan. 1934, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, svo og önnur lög, er kunna að fara í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við fjármálaráðherra, og hefir hann látið safna þeim upplýsingum um gjafasjóði, tilgang þeirra og fyrirkomulag, sem hér verður getið.

Um 360 gjafasjóðir hér á landi munu hafa fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Slíkar sjóðsstofnanir hafa verið mjög tíðar á síðari áratugum. Síðan um aldamót hafa verið stofnaðir um 300 skipulagsskrársjóðir. Á síðustu árum hafa bætt við um 20 nýir sjóðir á ári. Auk skipulagsskrársjóða er til fjöldi af gjafasjóðum um allt land, er aldrei hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi, eru því hvergi opinberlega skráðir og ekkert vitað um verkefni þeirra eða fjárgæzlu.

Verkefni skipulagsskrársjóðanna eru mjög fjölbreytt. Rúmur þriðjungur þeirra er gefinn til styrktar ekkjum og börnum sjóðrúknnaðra manna, ekkjum og munaðarlausum, gamalmennum og sjúklingum. Aðrir eiga að styðja að aukinni alþýðufræðslu, samningu og útgáfu vísindarita og alþýðufróðleiks. Nokkrir sjóðir styrkja menn til háskólanáms og vísindaiðkana. Margir þeirra eiga að efla atvinnuvegi landsmanna, einkum landbúnað. Verkefni gjafasjóðanna eru því hin sömu og ríkissjóðs, sýslu-, hæjar- og sveitarsjóða, og hljóta að spara þeim útgjöld. Reikningar um 65 gjafasjóða eru birtir í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu. Sjóðseignir þeirra eru um 1¼ milljón kr. Er mjög varlega farið að áætlað, að upphæð allra gjafasjóða sé 4—5 millj. króna.

Síðan stjórnin fluttist inn í landið, hefir ekkert eftirlit verið með gjafasjóðunum. Hefir verið látið afskiptalaust, þó að í skipulagsskrám eða stofnskrám væru eigi ákvæði um tryggilega vörzlu sjóðanna, endurskoðun, bókhald eða birtingu reikninga. Skipulagsskrárnar bera líka vott um skipulagsleysi og vanrækslu hins opinbera í þessu efni. Mjög fáar skipulagsskrár gera ráð fyrir bókhaldi, og í fjölmörgum þeirra eru engin ákvæði um endurskoðun reikninga. Í aðeins helmingi skipulagsskránna eru fyrirmæli um vörzlu sjóðanna, er telja verður að séu

trygg, sem sé í þeim, sem gera ráð fyrir, að féð sé geymt í Landsbanka Íslands eða verðbréfum hans, ríkisskulda- og jarðræktarbréfum eða í Söfnunarsjóði Íslands. Aðeins fjórða hver stofnskrá mælir svo fyrir, að reikningar sjóðsins skuli birtir, og um 70 reikningar eiga að koma í Stjórnartíðindum eða Lögbertingablaðinu. Ástæðan fyrir því, að svo fáir reikningar gjafasjóða eru birtir í Stjórnartíðindunum er sú, að í mjög mörg ár hafa reikningar nýrra sjóða ekki fengizt birtar þar, og hafa sjóðsstjórnir þannig verið sviptar því aðhaldi, sem birting reikninga hefir í för með sér.

Það skiptir þó mestu máli um framtíð og starfsemi sjóðanna, að af hálfu hins opinbera hefir ekkert eftirlit verið með rekstri og fjárgæzlu þeirra. Það hefir ríkt algert afskiptaleysi og hirðuleysi um framtíð sjóðanna og hagsmuni þeirra manna, sem eiga að njóta þeirra í nútíð og framtíð. Enginn veit, hve margir sjóðir, sem stofnaðir hafa verið, kunna nú að vera glataðir. Er ekki fjarri sanni að gera ráð fyrir því, að ekki séu allir sjóðir við lýði, sem stofnaðir hafa verið, og á eftirlitsleysi hins opinbera með stofnun og rekstri sjóðanna sök á því.

Þess ber að gæta, að það er einlæg ósk allra stofnenda gjafasjóða, að sjóðurinn sé varðveittur á svo tryggan hátt, að hann geti unnið það verk, sem honum er ætlað, og að vilji þeirra sé virtur. Margir sjóðir eru til orðnir við hinztu ráðstöfun gefandans á eignum sínum. Sumir eru gefnir til minningar um látna ástvini. Enn aðrir eru stofnaðir af áhuga á menningar- og mannúðarmálum þjóðarinnar. Ríkisvaldið vinnur því í samræmi við vilja gefendanna og í þágu þeirra manna, sem sjóðanna eiga að njóta, ef það veitir sjóðunum nauðsynlega vernd. Þingi og stjórn er skylt að beita sér fyrir því, að sjóðir þeir, sem til eru, verði ávaxtaðir í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum, svo sem í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, sýslu- og bæjarskuldabréfum, ríkisskuldabréfum og jarðræktarbréfum, jafnótt og þeir losna úr eldri, ótryggari lánunum, og að því leyti, sem stofnskrár þeirra leyfa.

Hér á landi eru allmargar sjálfseignarstofnanir, nokkrar frá eldri tímum, en flestar þeirra hafa risið upp í seinni tíð, svo sem barnahæli, gamalmennahæli, bókasöfn o. s. frv. Þær eru uppeldis-, menningar- og framfærslustofnanir. Verkefni þeirra er hið sama og flestra gjafasjóða. Stofnanir þessar eru auk þess margar styrktar af ríkisfé. Þingi og stjórn er skylt að meta menningargildi og mannúðarstarf þessara stofnana. Þær verðskulda sömu vernd og gjafasjóðirnir og eiga að vera sama eftirliti háðar.

Auk gjafasjóða og sjálfseignarstofnana, sem nú hefir verið getið, hafa myndazt sjóðir vegna lagasetningar eða á annan hátt, svo sem lífeyrissjóðir, brunabótasjóðir, slysatryggingarsjóðir, Kirkjujarðasjóður, Menningarsjóður, Sáttmálasjóður o. fl. sjóðir. Sumir þessara sjóða þarfnast strangara aðhalds en beitt hefir verið hingað til. Sjálfstætt og óháð eftirlit með þessum sjóðum ætti að geta tryggt þá gegn misnotkun á fé þeirra, væri því fengið vald í hendur til þess að taka fram fyrir hendur stjórnenda, þegar þess væri þörf. Ríkisvaldið hefir frjálshari hendur um vörzlu þessara sjóða en gjafasjóðanna. Því fé, sem hefir safnazt og mun í framtíðinni safnast í sjóði þessa, er þingi og stjórn skylt að forða frá einkabraski stjórnenda, sem því miður eru dæmi til, og skipuleggja alla lánastarf-

semi þessara sjóða í verðbréf sýslu- og bæjarfélaga, rikisskuldabréf og jarðræktarbréf. Í sjóðum af þessu tægi eru fólgnar margar milljónir króna.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um eftirlit með sjóðum, sem fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Lög þessi eru nýmæli, en mjög ófullkomin. Þrír menn, kosnir blutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, eiga að semja skrá yfir þessa sjóði og senda þinginu hana. Sjóðstjórnnum ber að senda eftirlitsmönnum reikninga sjóðanna, og geta þeir gert fjármálaráðuneytinu aðvart, ef þeir finna eitthvað athugasemjulegt við fjárgreiðslu eða ef skipulagsskrá er brotin. Lögum þessum er að því leyti ábótavant, að þeim er eigi ætlað að ná til þeirra mörgu sjóða, sem ekki hafa fengið konungsstaðfestingu á gjafabréfi eða stofnskrá. Þar sem alla vitneskju vantar um tilgang og fjárgæzlu þessara sjóða, þá var það bein vanræksla löggjafans að ganga framhjá þeim.

Lögin gera heldur ekki ráð fyrir eftirliti með sjálfseignarstofnunum né sjóðum þeim, sem til eru orðnir fyrir löggjöf. Það skiptir þó mestu máli um lög þessi, að eftirlitið hlýtur að verða lítils virði og getur ekki náð tilgangi sínum. Eftirlitsmönnum er eigi ætlað að hafa afskipti af því, að í skipulagsskrám séu sett fyrirmæli um tryggja ávöxtun sjóðanna, bókhald þeirra, endurskoðun né birtingu reikninga. Þess er eigi krafizt, að eftirlitsmenn hafi, svo oft sem frekast er unnt, gætur á rekstri sjóðanna og bókhaldi þeirra. Þeim er eigi heldur sérstaklega lögð sú skylda á herðar, að þeir beiti sér fyrir því, að sjóðirnir séu geymdir í verðbréfum og peningastofnunum þeim, sem allra tryggastar eru, og því síður, að þeir reyni að skipuleggja útlán sjóðanna til hagsbóta fyrir þjóðfélagið. Þeir eiga aðeins að gera fjármálaráðuneytinu aðvart, ef þeir finna eitthvað athugasemjulegt við fjárgæzlu eða ef skipulagsskrá er brotin. Myndi ekki, þegar þannig ber við, svo mörgum mönnum geta sýnt sitt hverjum og litið verða úr framkvæmdum? Engin fyrirmæli eru í lögum um, að reikningar sjóðanna skuli birtir og sjóðstjórnnum þannig skapað aðhald.

Hér hefir verið sýnt fram á, að eftirlit það með sjóðum, sem lög nr. 29 frá 1934 fjalla um og lýst hefir verið hér að framan, sé algerlega ófullnægjandi. Eftirlit með sjóðunum verðnr ekki komið í gott horf fyrir en það verður falið sérstakri stofnun, sem eigi hefir önnur störf með höndum en vörzlu og eftirlit sjóða. Verkefni hennar yrði að leiðbeina við stofnun sjóða og sjá um, að í öll gjafabréf eða stofnskrár verði sett ákvæði um tryggustu vörzlu sjóðanna, endurskoðun og reikningshald. Eftirlit þetta ætti að hafa nákvæma athugun á rekstri, hag og reikningshaldi sjóða og sjálfseignarstofnana og geta tekið í taumana, ef sjóðstjórnir gæta ekki ýtrustu varkárni í fjárgæzlu, ellegar ef reglugerðir eða stofnskrár sjóðanna eru brotnar. Það yrði þó aðalhlutverk sjóðaeftirlits þessa, að vinna að því, að fé sjóða og sjálfseignarstofnana sé ávaxtað í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum og að skipuleggja lánastarfsemi sjóðanna, svo sem stofnskrár og lög leyfa, í verðbréf sýslu- og bæjarfélaga, rikisskuldabréf, jarðræktarbréf og bankavaxtabréf. Eins og áður er getið, sýna reikningar um 65 sjóða, sem birtir eru í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaðinu, að fé þessara sjóða er um 1¼ millj. krónur, og að varlega áætlað sé upphæð allra gjafasjóða 4—5 millj. króna. Í sjóðum þeim, sem orðnir eru til við löggjöf, eru fólgnar

margar millj. króna. Gæti orðið ólíku hægara um vik að veita sýslu- og bæjarfélögum lán, ef fé þessara sjóða væri að miklu leyti ávaxtað í verðbréfum þeirra og ríkisskuldabréfum.

Það er ástæðulaust að óttast, að eftirlitsskrifstofan þurfi að baka ríkissjóði ný útgjöld eða vera honum til byrði svo nokkru nemi. Fyrir vörzlu þeirra fáu sjóða, sem eru í umsjón stjórnarráðsins, munu vera greiddar að minnsta kosti yfir 10 þúsund kr. árlega til fárra manna fyrir aukastörf við sjóðgæzlu. Eðlilegast og réttast væri að fela stofnuninni vörzlu þessara sjóða. Gegn álika upphæð og nú er greidd vegna gæzlu aðeins fárra sjóða mætti starfrækja slíka skrifstofu, sem hefði eftirlit og gæzlu allra sjóða og sjálfseignarstofnana í landinu. Auk þess færi vel á því, að fela sjóðaeftirlitinu smávegis fjárreiður og reikningshald, sem nú er unnið og launað sem aukastörf.

Til skýringar hinum einstöku greinum frumvarpsins má taka fram:

Um 1. gr.

Til þess er ætlazt, að Sjóðaeftirlit ríkisins nái til allra gjafasjóða, hvort heldur þeir hafa öðlazt konungsstaðfestingu á gjafabréfi eða stofnskrá eða ekki, og ennfremur til allra sjálfseignarstofnana. Sjóðir, sem orðið hafa til vegna lög-gjafar, eiga að falla undir þetta eftirlit, aðrir en ríkissjóður, sýslu-, sveitar- og bæjarsjóðir, sýsluvega- og hreppavegasjóðir, bankar og sparissjóðir, ellistyrktar- og hjargráðasjóðir.

Um 2. gr.

Eigi mun unnt að koma á fullkomnu eftirliti með sjóðum og sjálfseignarstofnunum, nema sett verði á fót sérstök skrifstofa, og henni ráðinn forstöðumaður. Þrír gæzlustjórar, kosnir hlutfallskösluningu í sameinuðu Alþingi, eiga að tryggja það, að eftirlitið verði framkvæmt vel og samvirkusamlega.

Um 3. gr.

Úti um allt land er fjöldi gjafasjóða, sem aldrei hafa fengið konungsstaðfestingu á stofnskrá. Um tilgang þessara gjafasjóða og fjárgæzlu þeirra eru engar upplýsingar fyrir hendi. Það þykir nauðsynlegt að skylda stjórnir þessara sjóða til þess að leita konungsstaðfestingar á gjafabréfi eða stofnskrá, til þess að hægt sé að setja þá undir sama eftirlit og sjóði þá, sem þegar hafa fengið slíka staðfestingu.

Um 4. gr.

Þessi grein á að tryggja það, að vel verði gengið frá skipulagsskrám og að í þær verði sett fyrirmæli um trygga ávöxtun sjóðanna, heppilega sjóðstjórn, ýtarlega endurskoðun og gott bókhald.

Um 5. gr.

Sumir gjafasjóðir eru mjög gamlir og ástæður mjög breyttar frá því að þeir voru stofnaðir. Það getur auðveldlega komið fyrir, að erfitt verði að framkvæma fyrirmæli skipulagsskrár og að sjóður geti ekki starfað eins og honum var ætlað, vegna breyttra ástæðna. Það þykir hlýða, þegar svo ber við, að fjármálaráðherra,

að fengnum tillögum Sjóðaeftirlits ríkisins, geri þær breytingar á skipulagskránni, er í senn tryggja framhald á starfsemi sjóðsins og jafnframt að vilji gefandans sé virtur, svo sem við verður komið vegna breyttra ástæðna.

Um 6. og 7. gr.

Til þess að hægt sé að hafa nákvæmt eftirlit með fjárgæzlu, rekstri og reikningsfærslu sjóða og sjálfseignarstofnana, virðist óhjákvæmilegt að skylda stjórnir þeirra til þess að senda Sjóðaeftirliti ríkisins ársreikninga og fylgiskjöl, eða eftirrit af þeim, innan hæfilegs tíma frá lokum reikningsárs, og að svara greiðlega öllum fyrirspurnum. Ennfremur virðist nauðsynlegt að heimila Sjóðaeftirliti ríkisins rétt til að mega rannsaka skjöl og skilríki sjóða og sjálfseignarstofnana hvenær sem því þykir ástæða til.

Um 8. gr.

Með því að eitt aðalskilyrði fyrir góðri fjárgæzlu sjóða er, að bókhald þeirra sé í góðu lagi, en í þessu efni er mörgum sjóðstjórnnum mjög ábótavant, þá þykir rétt að leggja fyrir Sjóðaeftirlit ríkisins að ganga eftir því, að bókhald sjóða og sjálfseignarstofnana sé í góðu lagi og að leiðbeina sjóðstjórnnum þar um.

Um 9. gr.

Aðalverk Sjóðaeftirlits ríkisins á að vera að líta eftir rekstri og fjárgæzlu sjóða og sjálfseignarstofnana og gæta þess, að skipulagsskrár þeirra séu ekki brotnar. Það virðist því ástæða til að leggja aðaláherzluna á það, að sjóðirnir séu ávaxtaðir á tryggustu stöðum og að Sjóðaeftirlitið beiti sér fyrir því, að þeim, svo fljótt sem unnt er, verði komið fyrir í tryggustu peningastofnunum og verðbréfum.

Á krepputímum er fjárgæzla vandasamari en ella og erfiðara að finna fjárvörzlu, er sé trygg um langt árabíl, og þykir því hlýða, að fjármálaráðherra fái heimild til að fyrirskipa hina tryggustu vörzlu sjóða á hvaða tíma sem er.

Um 10. gr.

Ástæða þykir til að skylda stjórnir sjóða og sjálfseignarstofnana til að leita samþykkis Sjóðaeftirlits ríkisins, ef þær vilja gera verulegar breytingar á eignum sjóðanna. Það hefir allt of oft komið fyrir, að sjóðir hafa verið látnir kaupa hlutabréf, sem síðar urðu verðlaus. Sumir sjóðir lána gegn sjálfsskuldarábyrgð, og getur slík ráðstöfun á fé þeirra verið mjög óheppileg. Mörg lán gegn fasteignaveði eru ekki svo trygg sem skyldi og lánskjör óheppileg fyrir sjóðina.

Um 11. og 12. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 13. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir umsjón allmargra sjóða, og hefir varzla þeirra verið aukastarf fárra manna. Hafa verið greiddar svo háar fjárhæðir fyrir umsjón þessara sjóða, að stjórnarkostnaður Sjóðaeftirlits ríkisins myndi ekki fara

langt fram úr þeim. Gegn álíka upphæð og nú er greidd fyrir vörzlu nokkurra sjóða má starfrækja eftirlit með öllum sjóðum og sjálfseignarstofnunum. Það virðist því eðlilegast og hagkvæmast að fela Sjóðaeftirliti ríkisins vörzlu sjóða þessara. Launamálanefnd, sem skipuð var til þess að gera tillögur um launakjör embættismanna og starfsmanna ríkisins, mun hafa lagt til, að launuð auka-störf falli niður. Verði samþykktar tillögur í þessa átt, virðist ekkert sjálfsagð-ara en að fela Sjóðaeftirliti ríkisins umsjón þessara sjóða.

Um 14. gr.

Reikningar aðeins tiltölulega fárra sjóða eru birtir í Stjórnartíðindum eða í Lögbirtingablaðinu, og sumir reikningar, sem eiga að koma þar árlega, eru birtir mjög óreglulega. Hér vantar því algerlega það aðhald fyrir sjóðstjórnir, sem birting reikninga hefir í för með sér. Þykir því ástæða til að lögþjóða, að árlega verði samið og birt yfirlit yfir reikninga allra sjóða og sjálfseignarstofnana, en til þess að kostnaður verði sem minnstur, sé greinargerð látn fylgja reikningum aðeins 5. hvert ár.

Um 15. gr.

Sjálfsagt virðist, að sjóðirnir beri sjálfir þann kostnað, sem leiðir af eftirlitinu.

Um 16.—19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.